



1. Mætingar

Nemendur eiga að mæta í alla tíma og á réttum tíma, nema ef þeir eru veikir eða þurfa leyfi. Þá verða foreldrar að hafa samband við skólann og láta vita.

Góðan dag!



2. Samskipti

Nemendur verða að fara eftir því sem starfsfólk biður þá um að gera. Samskipti í skólanum skulu byggja á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi.



3. Umgengni

Nemendur eiga að ganga vel um skólalóðina, skólann og búnað skólans svo sem húsgögn, bækur, kennslugögn ofl. Ef nemendur skemma eitthvað sem skólinn á, þá má láta þá borga það sem þeir skemmdu.

Skólareglur Fellaskóla



4. Vímuefni

Það er alveg bannað að nota vímuefni í skólanum eða á skólalóðinni eða í ferðum á vegum skólans. Vímuefni eru til dæmis neftóbak, sígarettur, áfengi eða önnur fíkniefni.



5. Kennslustundir

Í tímum eiga nemendur að hafa með sér, viðeigandi námsgögn, vinna það sem kennarinn leggur fyrir og forðast að trufla aðra. Ef nemendur eru með hluti með sér sem trufla kennsluna, þá má starfsfólk taka þá af þeim í samráði við foreldra.



Vegna brota á 5. reglu

Kennari má láta nemandanum sem hefur ekki farið eftir fyrirmælum vinna fyrir utan stofuna ef það hjálpar. Ef það dugar ekki til má reka nemandann úr tíma og þá eru foreldrar látnir vita. Það má biðja foreldra um að koma og vera með í tíma til að hjálpa nemandanum að vera stilltur.